


Árni Thorsteinson
tónskáld
Tónleikadagskrá

Gissur Páll Gissurarson
tenór

Nína Margrét Grímsdóttir
píanó



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 7. nóvember 2023 kl. 20:00

Árni Thorsteinson fæddist í Reykjavík 1870. Faðir hans var Árni Thorsteinson landfógeti, bróðir þjóðskáldsins Steingríms. Tvítugur að aldri, að loknu stúdentsprófi frá Latínuskólanum, sigldi hann til Kaupmannahafnar og las lögfræði í nokkur ár, en hætti námi. Hann kom heim til Reykjavíkur vorið 1896, en sigldi aftur til Hafnar ári síðar og lærði ljósmyndafræði og nam þá einnig söng hjá Samson prófessor og óperusöngvara. Árni stofnsetti ljósmyndastofu í Reykjavík haustið 1897 og rak hana í 21 ár. Jafnhliða ljósmyndastörfum hafði hann umsjón með brunatryggingum húsa í Reykjavík fyrir danskt váttryggingafélag. Síðar vann hann við bókhaldsstörf hjá tryggingafélögum og Landsbankanum.

Í Latínuskólanum var Árni strax tekinn í söngfélag skólapilta og stúdententa og söng ávallt fyrsta bassa – hann hafði þýða barytónrödd – og á Hafnarárunum söng hann í danska stúdentakórnum.

Árni var algjörlega sjálfmenntaður sem tónskáld og með útgáfu lagsafnsins *Tólfeinsöngslög með píanóundirleik*, árið 1907 þegar hann var 37 ára, „stillti höfundurinn sér undireins í fremstu röð hins fámenna íslenska tónskáldaflokks“. Lög þessi urðu nær öll þjóðkunn á skömmum tíma og hafa alla tíð síðan verið mikið sungin. Á árunum 1921 og 1922 komu út *Einsöngslög með píanóundirleik I - IV* og 2018 var gefið út sönglagasafn Árna undir ritstjórn Ólafs Vignis Albertssonar.

Árni var tónlistargagnrýnandi í mörg ár, vandasamt starf og vanþakklátt, og á þeim árum unnið endurgjaldslaust af áhuga fyrir tónlistinni. Hann ritaði af góðvild og skilningi og hafði vakandi auga á öllu því, sem ritað var um íslenska tónlist, og þó einnig því sem látið var ósagt. Hann fann sárt til þess, að hún var hornreka hjá sagnfræðingum okkar, og að gengið var að heita má algjörlega fram hjá henni í riti um sögu Reykjavíkur. Aftan við minningarbók Árna, *Hörpu minninganna*, sem Ingólfur Kristjánsson færði í letur, eru *Drög að söng- og tónlistarsögu Reykjavíkur* eftir hann.

Árni Thorsteinson tónskáld var fríður sýnum, fyrirmannlegur og þrúðmenni. Hann bar það með sér að vera af höfðingjum kominn og hlaut að verða eftir honum tekið, hvar sem hann fór. Hann var ljúfmenni, en fastur fyrir, ef á hann var leitað og ákveðinn í skoðunum. Hann var glaðlegur í viðræðum, hafði glöggt auga fyrir öllu skoplegu, en góðgjarn og veglyndur. Hann var undirniðri alvörumaður, eins og mörg sönglaga hans bera vott um.

Árni lést þann 16. október 1962, 92. ára.

Efnisskrá

Nótt *Magnús Gíslason*

Vorgyðjan kemur *Guðmundur Guðmundsson*

Þar sem háir hólar *Hannes Hafstein*

Kirkjuhvoll *Guðmundur Guðmundsson*

Draumur hjarðsveinsins *Steingrímur Thorsteinsson*

Rósin *Guðmundur Guðmundsson*

Dalvísur *Jónas Hallgrímsson*

Þess bera menn sár *I.P. Jakobsen*

Hannes Hafstein þýddi

Fögur sem forðum *Guðmundur Guðmundsson*

Friður á jörðu *Guðmundur Guðmundsson*

Gissur Páll Gissurarson tenórsöngvari hóf söngferil sinn 11 ára gamall í titilhlutverki Oliver Twist eftir Charles Dickens í Þjóðleikhúsinu. Formlegt söngnám hóf hann við Söngskólann í Reykjavík undir handleiðslu Magnúsar Jónssonar árið 1997. Árið 2001 hóf hann nám við Conservatorio G.B. Martini í Bologna hjá Wilma Vernocchi og, að loknu námi þar, hjá Kristjáni Jóhannssyni.

Gissur Páll steig sín fyrstu skref sem einsöngvari á óperusviðinu árið 2003, og hefur síðan þá sungið fjölda hlutverka og tónleika. Hann hefur tekið þátt í söngvarakeppnum í tvígang og unnið til verðlauna í bæði skiptin. Hann hlaut þriðju verðlaun í alþjóðlegu söngvarakeppninni Flaviano Labò árið 2005 og önnur verðlaun í alþjóðlegu söngvarakeppninni í Brescia árið 2006 en þar hlaut hann einnig sérstök verðlaun gagnrýnenda. Gissur Páll hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir hlutverk Rodolfo í La bohème hjá Íslensku óperunni árið 2012. Gissur Páll hefur komið víða fram, til dæmis í Frakklandi, Þýskalandi, Hollandi, Ítalíu, Japan og Bandaríkjunum og hefur gert fjölmargar hljóðritanir, meðal annars með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Dr. Nína Margrét Grímsdóttir er í fremstu röð klassískra píanóleikara landsins. Hún lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, LGSM prófi frá Guildhall School of Music and Drama, meistaraprófi frá City University í London, Professional Studies Diploma frá Mannes College of Music í New York og doktorsprófi í píanóleik frá City University of New York. Hún hefur komið fram á Íslandi, víðar í Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada, Japan og Kína sem einleikari með hljómsveitum og í kammertónlist. Hún hefur hljóðritað fimm geisladiska fyrir Naxos, BIS, Acte Préalable og Skref sem allir hafa hlotið frábæra dóma í Gramophone Awards Issue, BBC Music Magazine, Glasgow Herald, Crescendo-Magazine, Xían Evening News og High Fidelity.

Nína Margrét er deildarstjóri framhaldsdeildar Tónskóla Sigursveins og kennir einnig píanóleik við Tónlistarskóla Kópavogs. Hún hefur enn fremur kennt við Listaháskóla Íslands og Tónlistarskólann í Reykjavík og verið gestaprófessor við University of Agder og University of Karlstad á vegum Erasmus og Nordplus og hafa píanónemendur hennar unnið til fjölda verðlauna í innlendum og alþjóðlegum píanókeppnum.

Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana